

Ytra mat leikskóla Hrafnagilsskóli Leikskóladeild Krummakot

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Kolbrún Vigfúsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2015.

ISBN 978-9935-433-64-0

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn Krummakot	8
Leikskólinn og umhverfi hans	8
Starfsmenn	8
Húsnæði	9
Útileiksvæði	9
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans	9
Skólanámskrá	11
Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá	11
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	12
Stjórnun og starfsmannamál	12
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	14
Uppeldi, menntun og umönnun	15
Leikföng og efniviður	15
Líðan barna	15
Lýðræði og mannréttindi	16
Samskipti og hegðun	16
Skólaþróun	17
Skólabragur og samskipti	18
Starfsandi	18
Mat á námi og velferð barna	20
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	20
Foreldraráð og foreldrafélag	21
Samstarf leikskóla og grunnskóla	21
Annað samstarf	21
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla	22
Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku	22
Innra mat	23
Samantekt	26
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt á niðurstöðum

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Krummakot í Eyjafjarðarsveit hefur starfað frá árinu 1987. Árið 2008 var rekstur Krummakots og Hrafnagilsskóli sameinaður og Krummakot varð leikskóladeild við Hrafnagilsskóla. Í þessari skýrslu verður leikskóladeildin nefnd leikskóli. Húsnæði leikskólans uppfyllir kröfur um rými sem gerðar eru til skólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008. Leikskólinn starfar samkvæmt skilgreindri hugmyndafræði og einkunnarorð leikskólans eru *Leikur er okkar nám*. Tíð skipti hafa verið á stjórnendum í leikskólanum undanfarin ár og töluverð starfsmannavelta. Húsnæði leikskólans samanstendur af gömlu skólahúsnæði og tveimur viðbyggingum. Húsnæðið er rúmgott en hljóðvist er víða ábótavant. Tröppur og stigar eru í húsnæðinu en engin lyfta og því stenst húsnæðið ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.

Útileiksvæði er nokkuð stórt og vel búið leiktækjum. Uppeldisstefna Krummakots byggir á ákveðinni hugmyndafræði og í starfinu er lögð áhersla á sex áherslupætti. Hugmyndafræði sem sett er fram í námskrá er að sögn leikskólastjóra ekki virk nema að hluta og því æskilegt að í starfsmannahópnum verði umræða um hvaða hugmyndafræði leikskólinn á að fylgja. Einnig þarf að fara fram umræða um áherslupætti og þróunarverkefni leikskólans.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2010 og er því ekki í samræmi við áherslur aðalnámskrár leikskóla frá 2011. Unnið hefur verið að endurskoðun hennar frá árinu 2012 og er æskilegt að ljúka þeirri endurskoðun á þessu ári. Í leikskólanum er unnið með námssvið leikskóla í samræmi við áherslur í aðalnámskrá leikskóla og dagskipulag leikskólans býður upp á blöndu af frjálsum leik og stýrðum verkefnum úti og inni. Starfsmenn sýna börnum virðingu og hlýju í samskiptum og veita hverjum einstakling umhyggju. Æskilegt væri að starfsmenn hvettu börnin meira til sjálfshjálpar, t.d. í matartíma og við að klæða sig.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnun leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fer með málefni leikskólans varðandi fjármál og rekstur. Skólastjóri Hrafnagilsskóla er yfirmaður Krummakots. Yfirmaður leikskólans er titlaður aðstoðarskólastjóri leikskóla í þessari skýrslu er talað um aðstoðarskólastjóra leikskóla sem leikskólastjóra. Leikskólastjóri Krummakots hefur starfað í leikskólanum frá 2012. Hann leggur áherslu á að í leikskólanum sé unnið út frá áherslupáttunum um jákvæðan aga, dygðastarf, söguaðferð, umhverfisfræðslu, málrækt, tónlist og hreyfingu. Einnig leggur leikskólastjóri áherslu á mikilvægi þess að leikskólinn tengist umhverfinu og nærsamfélagi. Í leikskólanum er starfandi stjórnunarteymi. Leikskólinn er með símenntunaráætlun og viðhorfskannanir eru gerðar árlega meðal starfsfólks. Leikskólinn hefur ekki gefið út árlega starfsáætlun og úr því þarf að bæta í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er ekki með móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn og ekki með áfallaáætlun fyrir leikskólann og væri æskilegt að bæta úr því.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í leikskólanum er unnið með lýðræði í samskiptum við börn og þau spurð álits á afmörkuðum þáttum í leikskólastarfinu. Í leikskólanum er unnið að mörgum þróunarverkefnum til að bæta starfsaðferðir leikskólans. Skoða mætti þessa þætti með starfsfólki og leitast við að fækka verkefnum með því að samþætta þau betur. Einnig mætti skoða dagskipulagið með tilliti til jafnvægis milli frjálsa leiksins og skipulagðra verkefna. Leikskólinn er vel búinn leikföngum og öðrum efnivið.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur leikskólans er að flestu leyti góður, leikskólinn er með starfsmannastefnu og markvisst er unnið að því að bæta starfsandann. Verkaskipting stjórnenda er óskýr og því ætti að gera skriflega verklýsingu fyrir stjórnendur og skriflegan feril um verkaskiptingu og ábyrgð stjórnunarteymis.

Mat á námi og velferð barna

Leikskólinn aflar upplýsinga um nám og velferð barna með TRAS, Hljóm 2 og er að þróa vinnu með ferilmöppur. Almennt eru foreldrar sáttir við foreldraviðtöl og þær upplýsingar sem þar eru gefnar en vildu þó fá betri upplýsinga um þroska og framfarir barnanna. Leikskólinn ætti því að leita fleiri leiða til að meta nám og velferð barnanna.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Við leikskólann er starfandi foreldraráð sem fundar reglulega með leikskólastjóra. Kosið er í ráðið að hausti og í foreldrahandbók eru upplýsingar um starfssvið þess og reglur. Við leikskólann starfar foreldrafélag og upplýsingar um það eru í foreldrahandbók. Foreldrakannanir eru gerðar reglulega í gegn um Skólaláupsinn og formlegt samstarf er milli leikskóla og grunnskóla.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Leikskólinn er með samning við fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, sem sér um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga nr. 584/2012, varðandi einstaklingsráðgjöf fyrir börn á leikskólaaldri. Við leikskólann starfar sérkennslustjóri en æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði viðurkennda menntun á sviði sérkennslu. Gerðar eru einstaklingsáætlanir fyrir börn með skilgreindan stuðning. Góð samskipti eru milli leikskóla og foreldra sérkennslubarna.

Innra mat

Leikskólinn safnar margskonar gögnum fyrir innra mat og notar niðurstöður úr könnunum til að bæta starfið í leikskólanum. Starfsmenn og foreldrar koma að innra mati í formi kannana Skólaláupsins og lagðar eru spurningar fyrir börn um afmarkaða þætti í starfinu. Ekki er gerð áætlun um innra mat til lengri eða skemmri tíma og ætti að bæta úr því. Skipa ætti matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda. Kynna ætti niðurstöður mats á heimasíðu. Gera þarf árlega umbótaáætlun og birta í starfsáætlun leikskólans.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Krummakoti í Eyjafjarðarsveit. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Þóru Björk Jónsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 15., 16. og 17. apríl 2015. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir níu matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, mat á námi og velferð barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl, sérfræðipjónusta sveitarfélaga og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
3. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 19. janúar 2015 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 15. apríl 2015 og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á þremur deildum leikskólans. Tekin voru rýnihópaviðtöl við deildarstjóra, starfsmenn, börn og foreldra. Þátttakendur í rýnihópum starfsmanna, barna og foreldra voru valdir með slembiúrtaki. Tekið var sameiginlegt viðtal við þrjá deildarstjóra og einstaklingsviðtöl við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og skólastjóra Hrafnagilsskóla. Haft var samband við formann skólanefndar Eyjafjarðarsveitar.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá, starfsáætlun, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun, matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun og niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

Skólaheimsóknin stóð yfir í þrjú daga, 15., 16. og 17. apríl 2015. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn væru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af skólastarfi í þeim fimm meginþáttum sem viðmiðin ná til³. Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólastjóra til yfirlstrar.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskólinn Krummakot

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Krummakot hefur starfað í núverandi húsnæði frá árinu 1998 en áður hafði leikskólinn verið á ýmsum stöðum frá 1987. Árið 2006 var viðbygging tekin í notkun og leikskólinn stækkaður um eina 24 barna deild. Árið 2008 var rekstur Krummakots og Hrafnagilsskóli sameinaður.⁴

Leikrými leikskólans er 248m² en upplýsingar um heildarstærð leikskólans í fermetrum eru ekki aðgengilegar. Í leikskólanum dvelja 63 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára, 31 stúlka og 32 drengir. Börnunum er skipt á þrjár deildir, Furu, Björk og Ösp. 12 til 33 börn eru á deildum. Fjöldi barna í hópum er frá fjórum til átta. Sjö börn í leikskólanum eiga annað móðurmál en íslensku, fjögur börn eru með skilgreindan stuðning og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau. Leikskólinn er opinn frá kl. 07:30-16:30.

Starfsmenn

Við leikskólann starfar 21 starfsmaður í 17,39 stöðugildum, þar með talinn leikskólastjóri, starfsmaður í eldhúsi, ræstingum og afleysingum. Stjórnunarhlutfall Krummakots er 100% auk sameiginlegs skólastjóra beggja skólastiga. Sex starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, þar með talinn leikskólastjóri og sérkennslustjóri, þrjú starfsmenn eru með grunnskólakennaramenntun og einn sálfræðingur (Cand. psych.). Aðrir starfsmenn eru ekki uppeldismenntaðir en þrjú starfsmenn eru með aðra háskólamenntun. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.⁵

Starfsmannavelta

Tíð skipti hafa verið á stjórnendum í leikskólanum undanfarin ár og töluverð starfsmannavelta. 50% starfsmanna sem starfa í leikskólanum hafa unnið í þrjú ár eða skemur og lengsti starfsaldur í leikskólanum er fimm ár. Árið 2014 var starfsmannaveltan 18,18%.⁶

³ Sjá nánar í lok skýrslunnar.

⁴ Heimasíða leikskólans – saga leikskólans.

⁵ Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁶ Gögn frá leikskólastjóra.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans samanstendur af gömlu þinghúsi sem síðar var nýtt sem skólahús og tveim viðbyggingum. Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁷ Húsnæðið er rúmgott en hljóðvist er víða ábótavant. Á yngstu deild, sem er í viðbyggingu, eru þrjár leikstofur, tvö hvíldarherbergi, tvær snyrtingar og eitt fataherbergi. Á miðdeild, sem er á neðri hæð elsta hússins, eru tvær leikstofur og eitt minna herbergi og snyrting. Elsta deildin, sem er staðsett á efri hæð elsta hússins, hefur til umráða stórt leiksvæði og vinnusvæði, þrjú minni herbergi og salerni. Eldri deildarnar hafa sameiginlegt fataherbergi. Í annarri viðbyggingunni er móttökueldhús og matsalur fyrir elstu deildina. Skrifstofa er fyrir leikskólastjóra, fundarherbergi, sérkennsluherbergi, undirbúningsherbergi, kaffistofa fyrir starfsmenn og bókasafn leikskólans. Tröppur og stigar eru í húsnæðinu en engin lyfta og því stenst húsnæðið ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.⁸

Útileiksvæði

Útileiksvæði er nokkuð stórt og vel búið leiktækjum. Á miðju leiksvæðinu er manngerður hóll sem tekur af yfirsýn yfir svæðið. Í viðtali við foreldra kom fram að þeir hafa vissar áhyggjur af þessum hól þar sem í skjóli hans geti þróast einelti meðal barna.⁹ Í vettvangsathugun sáu matsmenn að starfsmenn staðsettu sig þannig á útileiksvæði að þeir hefðu yfirsýn yfir allt svæðið.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Gefin var út skólanámskrá sem tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008. Foreldraráð var stofnað við leikskólann.¹⁰

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Leikskólinn varð ekki fyrir skerðingu vegna efnahagshrunsins nema hvað aðhald í fjárveitingum jókst lítilsháttar. Árið 2008 var ákveðið að samreka leik- og grunnskóla og skipuriti breytt. Frá þeim tíma hefur ekki verið starfandi aðstoðarleikskólastjóri við leikskólann.¹¹

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið hefur ekki sett sér skólastefnu en starfandi er nefnd sem vinnur að gerð hennar.

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Uppeldisstefna Krummakots byggir á hugmyndum fræðimannanna John Dewey, Jean Piaget, Lev Vygotsky og Howard Gardner og einkunnarorð leikskólans eru *Leikur er okkar nám*.¹² Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hugmyndafræði leikskólans tengist mest jákvæðum aga (lífsleikni og félagsfærni) og dygðastarfi en helst er horft til hugmyndafræði Dewey og Vygotsky sem grunn að stefnu leikskólans. „Stefnan er að öllum líði vel og þrífist og þroski sína hæfileika og færni í þroskavænlegu umhverfi“, sagði leikskólastjóri í viðtali.¹³ Í skólanámskrá segir að skólastefna Krummakots sé lífsleikni með áherslu á dygðir og mannleg gildi. Þar sé lögð áhersla á að börnin miði færni og getu út frá þeim sjálfum sem stuðlar að því að þau verði sjálfstæðir einstaklingar og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Í leikskólanum skal leggja áherslu á að skapa lestrarhvetjandi umhverfi, m.a. með því að merkja sem flesta hluti í skólanum og gera þannig les- og ritmál sýnilegt, einnig með því að lesefni, bækur, pappír

⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

⁸ Byggingarreglugerð nr. 112/2013.

⁹ Rýnihópur foreldra.

¹⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹² Skólanámskrá leikskólans.

¹³ Viðtal við leikskólastjóra.

og litir séu á aðgengilegum stöðum. Þriðja áhersluatriðið samkvæmt skólanámskrá er að vinna með tónlist í samvinnu við tónmenntakennara. Samkvæmt foreldrahandbók leikskólans eru áhersluþættir í starfi Krummakots:

- Lífsleikni með áherslu á dygðir.
- Jákvæður agi. Uppeldisstefna byggð á sjálfsstjórnarkenningum.
- Umhverfisstarf.
- Söguaðferð (e. *Story line*).
- Markviss málörvun.
- Tónlist og tjáning.
- Hreyfing.

Dygðirnar – lífsleikni í leikskóla er afrakstur þróunarverkefnis þriggja leikskóla á Akureyri 2001 – 2004. Unnið er með kennslufnið á þann hátt að ein dygð er tekin fyrir á hverri önn og reynt að flétta umræðu um dygðina inn í allt daglegt starf leikskólans. Dygðin sem unnið er með skólaárið 2014-2015 er þolinmæði.¹⁴

Krummakot er leikskóli á grænni grein og flaggar grænfána í þriðja sinn í ár.¹⁵ Í leikskólanum er verið að innleiða starfsaðferðir um jákvæðan aga (e. *Positive discipline*). Jákvæður agi byggir á svokallaðri „sjálfsstjórnarkenningu“, sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Hugmyndafræði jákvæðs aga gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu.¹⁶ Söguaðferðin (e. *Story line*) er kennsluáferð sem er notuð við þemavinnu. Nafn sitt dregur vinnan af skipulaginu sem er eins og í sögu. Hún hefur ákveðna byrjun, söguþráðurinn skiptist í kafla sem tengjast og síðan er ákveðinn endir.¹⁷ Námsefnið Markviss málörvun felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik. Markmið leikjanna er að auka málvitund barnanna og er leikurinn notaður til að ná athygli þeirra og vekja áhuga um leið og leikþörf þeirra og leikgleði er mætt. Áhersla er lögð á félagslegt samspil barnanna og að fá þau öll inn í leikinn.¹⁸ Unnið er með aðferð sem nefnist Orðaspjall til að efla orðaforða barnanna og auka hlustunarskilning með bóklestri. Hún felst í því að kennarinn les bók með börnunum og velur orð úr bókinni til að kenna samkvæmt ákveðnu ferli. Aðferðin var þróuð í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ undir stjórn Árdísar H. Jónsdóttur leikskólakennara.¹⁹

Fram kom í viðtölum við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna að áhersluþættir í starfi leikskólans séu of margir sem getur valdið því að erfitt er að sinna öllum þáttum nægilega vel.²⁰ Æskilegt væri fyrir stjórnendur að endurskoða áhersluþætti leikskólans með öllum starfsmönnum og leita leiða til að fækka þeim eða samþætta betur.

Styrkleikar

- Starf leikskólans byggir á ákveðnum áhersluþáttum.
- Húsnæði skólans er rúmgott og uppfyllir kröfur um rými.
- Útileiksvæði er gott og gefur möguleika á fjölbreyttum athöfnum.

¹⁴ Lífsleikni. <http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/Lifsleikni%20-%20skyrslan.pdf>.

¹⁵ Foreldrahandbók leikskólans.

¹⁶ Positive Discipline.

¹⁷ Söguaðferðin.

¹⁸ Markviss málörvun.

¹⁹ Orðaspjall.

²⁰ Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsfólks.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Huga þarf að betri hljóðvist í nokkrum rýmum skólans.
- Húsnæði skólans stenst ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.
- Æskilegt er að fram færi umræða um hugmyndafræði leikskólans í öllum starfsmannahópnum.
- Æskilegt væri að ræða áherslupætti leikskólans og takmarka fjölda þróunarverkefna.

Skólanámskrá

Skólanámskrá leikskólans Krummakots er frá árinu 2010 og var að mestu unnin af þáverandi leikskólastjóra. Skólanámskrá uppfyllir kröfur sem settar eru fram í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Einkunnarorð leikskólans eru *Leikur er okkar nám*. Markmið leikskólans eru:

- Að barnið læri af eigin reynslu og með því að uppgötva sjálft.
- Að vinna að tengingu milli skólastiga, áhersla lögð á starf fimm ára barna.
- Að vinna með tónlistarverkefni fjögurra og fimm ára barna undir leiðsögn tónmenntakennara.
- Að virða sérstöðu hvers barns og mikilvægi þess í barnahópnum. Einnig að barnið finni fyrir öryggi, líði vel í leikskólanum og alhliða þroski þess eflist.
- Að börn og fullorðnir hlusti á og beri virðingu hvert fyrir öðru, jafnt í leik sem öðru starfi, og allir taki tillit til og beri virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

Í skólanámskránni er fjallað um námssvið leikskólans og hvernig unnið er með þau í öllu starfi hans og einnig er sérstaklega fjallað um leiðir að lestrarhvetjandi umhverfi og áherslur og aðferðir við vinnu með lífsleikni en í Krummakoti er unnið með kennsluefnið *Lífsleikni í leikskóla* sem er afrakstur þróunarverkefnis þriggja leikskóla á Akureyri og var gefið út árið 2006.²¹ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra hefur vinna við að endurskoða skólanámskrána staðið yfir frá árinu 2012 og er sú vinna langt á veg komin.²²

Samræmi leikskólastarfsins við skólanámskrá

Samkvæmt dagskipulagi skólans skiptist dagurinn í skipulagt hópastarf og val fyrir hádegi, útiveru, flæði og rólegan leik eftir hádegi. Á föstudögum fyrir hádegi er frjálst flæði yfir allan leikskólann og samverustundir eru á öllum deildum.²³ Í hópastarfi á eldri deildum er unnið með tónlist, málörvun, stærðfræði, söguáðferð og lífsleikni.²⁴ Í vettvangsathugun sáu matsmenn að hópastarfið var skipulagt þannig að kennari var til staðar á hverri stöð en börnin fóru á milli í litlum hópum og náðu því að taka þátt í öllum verkefnum. Markvisst útinám er hluti af hópastarfi eldri barnanna og sáu matsmenn hvernig áhugasvið barnanna var notað í þessum stundum. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar og fara tvær eldri deildarnar þangað í hreyfistund einu sinni í viku. Í flæði sem öll börnin taka þátt í fyrir hádegi fá börnin að flæða óhindrað um húsið og starfsfólk var duglegt að nýta allt húsnæðið vel.²⁵ Í vettvangsathugun sáu matsmenn að börnunum er mætt af mikilli hlýju og virðingu. Starfsfólk var mikið á gólfinu með yngstu börnunum í leik og samskiptin við þau einkenndust af mikilli nánd og umhyggju fyrir hverjum einstaklingi. Vinna með læsi er ágætlega sýnileg í leikskól-

²¹ Skólanámskrá leikskólans.

²² Viðtal við leikskólastjóra.

²³ Dagskipulag deilda.

²⁴ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

²⁵ Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

anum. Á eldri deildum er ritmál sýnilegt. Börnin hafa aðgang að bókum og *tákn með tali* er áberandi í öllu starfi. Sköpun er þáttur í leikskólanum og sáu matsmenn að kennarar hafa aðgang að miklum efnivið fyrir skapandi starf. Í leikskólanum er lífrænn úrgangur og pappír flokkaður en matsmenn sáu börnin ekki taka þátt í flokkuninni. Til þess að auka heilbrigði og vellíðan barnanna er boðið upp á hollan mat og mikla hreyfingu. Maturinn kemur frá sameiginlegu eldhúsi í húsnæði sveitarfélagsins sem rekið er af einakaðila. Þar er eldað fyrir leikskóla og grunnskóla. Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja að í leikskólanum sé unnið gott skapandi starf, börnin fáist við fjölbreytt viðfangsefni og vel sé unnið að umhverfismálum í tengslum við grænánavefni.²⁶ Í vettvangsathugun sáu matsmenn að gera mætti meira af því að hvetja börnin til sjálfshjálpar, s.s. í fataherbergi og við matarborð. Í viðtölum við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna kom fram að lögð er áhersla á góðvild, virðingu og festu í samskiptum við börnin. Mikið er lagt upp úr að hafa móttökuna góða og hjálpa börnunum að komast yfir það sem veldur vanda innan hópsins. Börnin koma jákvæð í leikskólann og vilja ekki fara heim, „Við finnum að þau eru örugg og sátt og foreldrarnir segja það líka“.²⁷

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Skólanámskrá leikskólans er frá árinu 2010. Núverandi starfsmenn voru margir ekki starfandi í leikskólanum á þeim tíma og hafa þar af leiðandi ekki komið að gerð hennar. Vinna við endurskoðun skólanámskrár hófst árið 2012 þegar leikskólinn fékk styrk frá Sprotasjóði til að innleiða aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Árið 2012 var unnin greiningarvinna með starfsmönnum, börnum og foreldrum. Þessi vinna hefur legið niðri s.l. ár en ætlunin er að ljúka henni á þessu ári.²⁸ Í viðtali við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna kom fram að leikskólastjóri, einn deildarstjóri og sérkennslustjóri mynda skólanámskrárteymi og að starfsmannahópurinn og foreldrar hafa tekið þátt í vinnu við skólanámskrárgerðina en tekið var fram að gott væri að fara að ljúka þessari vinnu.²⁹

Styrkleikar

- Unnið er að endurskoðun skólanámskrár með aðkomu starfsmanna og foreldra.
- Unnið er með námssvið leikskóla í samræmi við áherslur aðalnámskrár frá 2011.
- Dagskipulag leikskólans býður upp á blöndu af frjálsum leik og stýrðum verkefnum úti og inni.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka verður endurskoðun skólanámskrár.
- Æskilegt er að hvetja börnin meira til sjálfshjálpar, t.d. við að klæða sig og við matarborð.

Stjórnun og starfsmannamál

Stjórnskipulag og skipurit

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar fer með málefni leikskólans varðandi fjármál og rekstur. Skólanefnd er skipuð fimm fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af sveitarstjórn og fer með málefni leik- og grunnskólans samkvæmt sveitarstjórnarlögum og því sem sveitarstjórn felur henni að öðru leyti. Grunnskólastjóri og leikskólastjóri sitja reglulega fundi skólanefndar, ásamt fulltrúum starfsmanna og foreldra.³⁰ Leikskólastjóri situr samráðsfundi leikskólastjóra Akureyrarbæjar og einnig leikskólastjórafundi með

²⁶ Rýnihópur foreldra.

²⁷ Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

²⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁹ Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

³⁰ Heimasíða Eyjafjarðarsveitar og viðtal við formann skólanefndar.

stjórnendum leikskóla sem staðsettir eru í grennd við Akureyri.

Í skipuriti Hrafnagilsskóla kemur fram að skólastjóri Hrafnagilsskóla er yfirmaður leikskólans Krummakots og yfirmaður leikskólans er titlaður aðstoðarskólustjóri leikskóla.³¹ Leikskólustjóri Krummakots hóf störf í september 2012. Hann leggur áherslu á að kynna leikskólann út frá þeim áhersluþáttum sem unnið er með; jákvæðan aga, dygðastarf, söguaðferð, umhverfisfræðslu, málrækt, tónlist og hreyfing. Einnig leggur hann áherslu á mikilvægi þess að leikskólinn tengist umhverfinu, t.d. útikennslusvæði og íþróttahús sem leikskólinn deilir með grunnskólanum, og stofnunum og vinnustöðum í nærsamfélaginu s.s. Jóláhusinu, gróðrarstöð og sveitabæ.³²

Í leikskólanum er einn deildarstjóri staðgengill leikskólustjóra. Hlutverk staðgengils er að leysa leikskólustjóra af þegar hann er fjarverandi og vera leikskólustjóra til aðstoðar við ýmis mál er varða starfsemi en ekki er til skriflegur samningur um þetta.³³ Í stjórnunarteymi leikskólans eru leikskólustjóri og deildarstjórar. Teymið fundar mánaðarlega í eina og hálf klukkustund og þess á milli hálf tíma morgunfundi tvisvar í viku. Auk þess eru stuttir morgunfundir daglega þar sem teymið hittist og tekur fyrir dagleg mál varðandi skipulag. Engin formleg verkaskipting er innan þessa teymis. Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu.³⁴ Fimm starfsdagar eru á ári, einn námskeiðsdagur og starfsmannafundur eru mánaðarlega frá ágúst fram í maí, samtals níu fundir á ári. Deildarfundir eru ekki haldnir reglulega en miðað er við að þeir séu að meðaltali mánaðarlega. Deildarfundir eru ýmist hluti af starfsmannafundum eða haldnir á dagvinnutíma. Starfsdagar og starfsmannafundur eru nýttir til að ræða starfsemi og uppeldisstarf leikskólans og ræða stærri ákvarðanir sem varða innra starf leikskólans.³⁵ Deildarstjórafundir eru nýttir til að skipuleggja daglegt starf í leikskólanum, ræða fagleg málefni og meta ákveðna þætti í starfinu. Dagskrá er gerð fyrir fundi og starfsdaga og ritaðar fundargerðir.

Ekki er til skrifleg verkaskipting milli skólustjóra og leikskólustjóra. Skólustjóri og leikskólustjóri funda reglulega. Skólustjóri ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og starfsmannahaldi beggja skólustiga í samstarfi við leikskólustjóra.³⁶ Af samtölum við starfsmenn og alla stjórnendur og virðist skólustjóri Hrafnagilsskóla ekki bera ábyrgð á faglegu starfi Krummakots. Leikskólustjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri leikskólans s.s. starfsmannahaldi og nýtingu fjármagns. Leikskólustjóri ásamt stjórnunarteymi hefur umsjón og ábyrgð á stefnumótun, faglegu starfi leikskólans og samstarfi við foreldra.³⁷ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þeir koma að stefnumótun og hafa tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri en fram kom að þeir telja að ekki sé alltaf hlustað á þá. Deildarstjórar og starfsmenn segja að verkaskipting milli skólustjóra og leikskólustjóra sé ekki skýr en segjast hafa góðan aðgang að báðum. Lítil samskipti séu þó við skólustjóran, hann komi ekki á fundi eða inn á deildir leikskólans og deildarstjórar og starfsmenn líta því á leikskólustjóran sem sinn yfirmann, að því er fram kom í viðtali við deildarstjóra og rýnihópi starfsmanna. Starfsmenn tóku fram að það sé leikskólustjórinn sem ræður og mismunandi sé hversu mikla aðild deildarstjórar veita starfsmönnum í stjórnun deilda. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir eru sáttir við þátttöku í þeim nefndum sem starfa innan leikskólans og vinnu með starfshætti leikskólans. Foreldrar segja að auðvelt sé að ná sambandi við leikskólustjóra og aðra starfsmenn leikskólans.³⁸ Leikskólustjóri segist koma mikið inn á deildir og reyna að hrósa starfsfólkinu fyrir vel unnin störf. Oft noti hann starfsmannafundi til að koma hrósinu til starfsmanna en tók fram að þar gæti hann sennilega bætt sig. Fram kom í viðtali við deildarstjóra að leikskólustjóri mætti gera meira af því að hrósa fólki. Leikskólustjóri sé oft of fljótur að taka ákvarðanir án umræðu við starfsmenn, að mati deildarstjóra. Starfsmenn í rýnihópi sögðu að leikskólustjóri hrósi öllum hópnum og stundum einstaklingslega. Mismunandi er hversu mikið deildarstjórar hrósa sínu starfsfólki. Fram

³¹ Gögn frá leikskólustjóra – skipuriti Hrafnagilsskóla.

³² Viðtal við leikskólustjóra.

³³ Viðtal við leikskólustjóra.

³⁴ Viðtal við leikskólustjóra. Gögn frá leikskólustjóra – starfsmannastefna.

³⁵ Viðtal við leikskólustjóra.

³⁶ Viðtal við skólustjóra.

³⁷ Viðtal við leikskólustjóra.

³⁸ Rýnihópur foreldra.

kom í viðtali við rýnihóp barna að þau þekkja leikskólastjórann og vita hvað hann heitir og aðspurð um hvað hann gerir sögðu þau að hann stjórni einhverju „eða miklu“ og labbi milli deilda.

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu. Þar segir m.a. að hún eigi að tryggja starfsmönnum ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi og að byggja undir faglegan metnað í þágu skólasamfélagsins. Leitast eigi við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf. Í starfsmannastefnunni eru sett fram fjögur markmið:

- Að auka starfsánægju og vellíðan.
- Að tryggja sameiginlegan skilning á góðum samskiptum.
- Að efla hæfni starfsfólks til að ræða mál.
- Að auka gæði skólastarfsins.

Í starfsmannastefnunni eru útfærð leiðarljós fyrir starfsfólk að vinna eftir.³⁹ Leikskólinn hefur tekið þátt í verkefninu *Virkur vinnustaður* ásamt nokkrum fyrirtækjum og stofnunum á á landinu öllu.

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna fer fram í gegnum Skólapúlsinn sem leikskólinn er aðili að. Leikskólinn hefur ekki gefið út starfsáætlun eins og lögbundið er samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁴⁰ Leikskólinn gefur út skóladagatal.⁴¹ Ekki er ætlast til að leikskólinn skili ársskýrslu.⁴² Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári og tekur leikskólastjóri þau.⁴³ Leikskólinn er með símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn leikskólans.⁴⁴ Ekki er til móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn í leikskólanum. Leikskólinn er með eineltisáætlun og forvarnaráætlun er í vinnslu en leikskólinn er ekki með áfallaáætlun.⁴⁵

Styrkleikar

- Í leikskólanum er starfandi stjórnunarteymi og það fundar reglulega.
- Leikskólinn er með símenntunaráætlun.
- Leikskólinn er með eineltisáætlun.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks eru gerðar árlega.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn þarf að gefa út árlega starfsáætlun samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Skoða þarf og skilgreina betur verkaskiptingu stjórnenda við skólann og hlutverk skólastjóra Hrafnagilsskóla sem faglegs leiðtoga skólans alls.
- Æskilegt væri að gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Æskilegt væri að gera áfallaáætlun fyrir leikskólann.

³⁹ Gögn frá leikskólastjóra - Starfsmannastefna leikskólans.

⁴⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

⁴¹ Skóladagatal.

⁴² Viðtal við leikskólastjóra.

⁴³ Viðtal við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁴⁴ Gögn frá leikskólastjóra – símenntunaráætlun.

⁴⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

- Gera ætti skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og skilgreina ábyrgð staðgengils leikskóla-stjóra og stjórnunarteymis á stjórnun.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir:

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikurinn er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.⁴⁶

Í skólanámskrá kemur fram skólastefna Krummakots sé lífsleikni með áherslu á dygðir og mannleg gildi. Áhersla sé á að börnin miði færni og getu út frá þeim sjálfum og með því sé stuðlað að því að þau verði sjálfstæðir einstaklingar og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir.⁴⁷ Vegna aldurs og þroska barnanna er dagskipulagið mismunandi eftir deildum.⁴⁸ Í rýnihópi starfsmanna kom fram að starfsmenn reyna að fylgjast með því hvað vekur mestan áhuga barnanna og mæta óskum þeirra ef mögulegt er. Á föstudögum er frjálst val milli deilda þar sem öll börn fá að velja sér leiksvæði og skipta yfir í annað ef þau óska.⁴⁹ Á vettvangi sáu matsmenn að börnin á eldri deildum unnu í skipulögðum hópum sem fóru milli svæða í tónlist, söguaðferð og skapandi starf. Hópastarfið fór fram í húsnæði beggja deilda. Einn hópur fór í útínám á sama tíma. Á yngstu deild sáu matsmenn börnin leika í frjálsum leik með þátttöku starfsmanna. Allt húsnæðið var vel nýtt á öllum deildum og starfsaðferðir einkenndust af áhuga á starfinu og virðingu fyrir börnunum. Starfsfólk beygir sig niður í augnhæð barnanna þegar það talar við þau og á yngstu deild leggur starfsfólk sig fram um að vera þátttakendur í leik barnanna, situr mikið á gólfinu svo börnin hafa gott aðgengi að þeim. Unnið er með læsi og stærðfræði í leikskólanum og ýmislegt gert til að ýta undir það, t.d. með því að hafa bókstafi og tölustafi sýnilega í umhverfinu. Gert er ráð fyrir daglegri útiveru barnanna. Daglegt hópastarf skiptist í vinnu með tónlist, söguaðferð, málörvun, stærðfræði og útínám. Börnin á eldri deildunum fara vikulega í íþróttahús skólans. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst flæðið skemmtilegur tími og í rýnihópi foreldra kom fram að börnin töluðu um þennan tíma og hlökkuðu til föstudagsins. Á eldri deildum er flæði í klukkustund milli kl. 15 og 16. Dagskipulag á eldri deildum býður ekki upp á mikinn tíma fyrir frjálsum leik en á yngstu deild fá börnin góðan tíma í frjálsum leik. Unnið er með tónlist á öllum deildum en tónmenntakennari sér um tónlistarkennslu fyrir þriggja til fimm ára börnin.⁵⁰ Börnin á elstu deild leikskólans matast í sameiginlegu rými þar sem móttökueldhús er einnig staðsett.

Leikföng og efniviður

Efniviður innanhúss er fjölbreyttur og aðgengilegur starfsfólki. Tölvuvert er um opinn efnivið eins og einingarkubba, holukubba og efnivið til sköpunar. Dýr og önnur smáleikföng, púsl og spil eru til staðar og bækur eru í hæð barnanna inni á deild. Efniviður til sköpunar er ekki mjög aðgengilegur fyrir börnin. Að mati starfsmanna og stjórnenda er almenn ánægja með þann efnivið sem í boði er.⁵¹

Líðan barna

Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum, mest gaman að fara í fótbolta og lita en leiðinlegast að vinna verkefni, s.s. gera jólas kraut og páskaskraut. Þau sögðu að stundum væri verið að stríða og þá reyndu þau að biðja viðkomandi að hætta en ef hann gerir það ekki þá segja þau kennaranum.⁵² Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir telja að börnunum líði vel, þau vilja koma í

⁴⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁴⁷ Skólanámskrá leikskólans.

⁴⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴⁹ Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁰ Foreldrahandbók leikskólans.

⁵¹ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁵² Rýnihópur barna.

leikskólann, leita til starfsmanna og treysta þeim.⁵³ Deildarstjórar sögðu að foreldrar tali um það í foreldraviðtölum að börnin séu ánægð í leikskólanum.⁵⁴ Matsmenn sáu að börnin voru glöð og starfssöm og að starfsmenn voru vakandi fyrir því sem var að gerast í barnahópnum. Afslappað andrúmsloft var í leikskólanum og starfsfólk virtist leitast við að vinna vel saman.

Lýðræði og mannréttindi

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hann telur mikilvægt að hafa sterkt stjórnunarteymi í leikskólanum. Deildarstjórar bera ábyrgð á starfinu innan deilda og eru í forsvari fyrir teyminum. Teymin fjalla um ákveðin málefni varðandi áherslupætti og starfsaðferðir og starfa þvert á deildir, s.s. málrækt, Tákn með tali, umhverfisstefnu, jafnréttisstefnu og jákvæðan aga. Leikskólastjóri talaði um mikilvægi þess að starfsmannahópurinn líti á sig sem einn hóp og að virkja þátttakendur til að vinna í teyminum er hluti af þeirri viðleitni. Starfsmenn geta valið í hvaða teymi þeir vinna.⁵⁵ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að framkvæmd undirbúningstíma deildarstjóra gengur misvel eftir deildum. Stefnt er að því að allir starfsmenn fái klukkustundar undirbúningstíma á viku en vegna mikils álags af teymisfundum reynist oft erfitt að koma undirbúningstímum fyrir. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að afleysing fyrir undirbúningstíma er sett inn sem starfshlutfall á hverja deild og það sé á ábyrgð deildarstjóranna að finna tíma til að taka undirbúningstíma sinn og starfsmanna sinna. Starfsmenn eru ánægðir með þátttöku í teymisvinnu en telja verkefni of mörg. Í viðtali við deildarstjóra kom fram að þátttaka barna í verkefnavali er hluti af söguaðferðinni og einnig er leitað eftir áhuga barnanna varðandi vettvangsferðir.

Í rýniviðtölum við börnin kom fram að þau mega velja sér verkefni. Þau sögðu að stundum væru holukubbar ekki í boði og ekki mætti leika með þá þegar börnin á miðdeildinni eru að hvílast „því það heyrir niður“. Þau sögðust vilja leika meira með þessa kubba af því þeir eru svo stórir og gaman að leika með þá.⁵⁶ Í vettvangsathugun kom í ljós að holukubbar eru staðsettir í rými þar sem hljóðvist er mjög slæm. Þegar leikskólastjóri, deildarstjórar og starfsmenn voru spurðir hvort börnin geti haft áhrif á verkefni sín og umhverfi sögðu þeir að svo væri. Leitað er eftir áhuga barnanna með því að fylgjast með vali þeirra, einnig eru lagðar spurningar fyrir elstu börnin. Í söguaðferðinni fá börnin tækifæri til að velja viðfangsefni og einnig hafa þau áhrif á hvert farið er í gönguferðir og flæðistímar veita öllum tækifæri til að velja út frá sínu áhugasvið.⁵⁷ Sem dæmi um áhrif sem börnin hafa nefndi leikskólastjóri að börnin, sérstaklega elstu börnin, hafi komið með hugmyndir að ábyrgðarhlutverkum (t.d. borðþjónar, klútaberar) og þau hafi líka komið með nafn á „róuhornið“ sem er staður sem þau fara á þegar þau þurfa að draga sig út úr hópnum samkvæmt aðferðafræði jákvæðs aga.⁵⁸ Foreldrar nefndu einnig flæðistíma sem tækifæri barna til að velja hvar þau vilja vera, úti eða inni. Foreldrar nefndu einnig hlutverkin sem börnin sinna í leikskólanum, s.s. að vera borðþjónn, klútaberi o.fl. sem þátt í lýðræði.⁵⁹

Samskipti og hegðun

Börnin í Krummakoti eru glöð og áhugasöm að mati matsmanna. Í rýnihópi barna kom fram að þeim finnst gaman í leikskólanum. Þau sögðust oft vera glöð í leikskólanum en langi stundum heim til mömmu. Þegar þau voru spurð hvort það væru einhverjar reglur í leikskólanum sögðu þau að leikskólastjórinn hafi búið til reglurnar en aðspurð um hvaða reglur þau vildu hafa sögðu þau m.a. aðv þau vildu hafa reglu sem segir „að krakkarnir megi stjórna leikskólanum“.⁶⁰ Deildarstjórar og starfsmenn sögðu að lögd væri áhersla á góðvild, virðingu og festu í samskiptum við börnin, reynt væri að hjálpa börnunum að leysa sjálf úr ágreiningi sem upp kemur milli þeirra.⁶¹ Matsmenn sáu góð og

⁵³ Rýnihópur starfsmanna.

⁵⁴ Viðtal við deildarstjóra.

⁵⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁶ Rýnihópur barna.

⁵⁷ Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁵⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵⁹ Rýnihópur foreldra.

⁶⁰ Rýnihópur barna.

⁶¹ Viðtal við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

árekstrarlaus samskipti í barnahópnum. Í vettvangsathugun mátti sjá að börnin voru örugg í skiptingu milli hópa og nutu leiksins í flæðinu á föstudagsmorgni. Á yngstu deild sáu matsmenn að starfsfólk sat mikið á gólfinu með börnunum í frjálsa leikum og að börnin höfðu gott aðgengi að þeim. Starfsmönnum leikskólans hefur tekist að skapa jákvætt og áhugavert umhverfi fyrir börnin og andrúmsloft á deildum virðist afslappað. Í öllum samskipum mátti greina virðingu fyrir börnunum, viðleitni til að koma til móts við þarfir þeirra og vilja til að skapa þeim fjölbreytt tækifæri til náms.

Skólaþróun

Í símenntunaráætlun leikskólans eru talin upp þróunarverkefni fyrir skólaárið sem unnin hafa verið og fyrirhugað er að fara af stað með 2014-2015. *Virkur vinnustaður* er þróunarverkefni sem unnið var í samstarfi við Virk starfsendurhæfingu en verkefninu lauk í árslok 2014. Halda á áfram að vinna að endurskoðun skólanámskrár undir leiðsögn ráðgjafa frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Áætlað er að byrja að innleiða hugmyndafræði lærdómssamfélagsins (e. *Learning community*). Áfram verður haldið við innleiðingu jákvæðs aga og innleiðslu aðferðarinnar Tákni með tali.⁶² Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að samstarf við Virk hefur staðið frá árinu 2012 og markmið verkefnisins er að vinna að forvörnum á vinnustöðum og endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys. Í verkefninu eru kannaðar og prófaðar leiðir sem ætlað er að auka vellíðan starfsmanna, fækka fjarvistum og auka stuðning og sveigjanleika við endurkomu til starfa eftir langtíma veikindi. Leikskólastjóri nefndi einnig þróunarverkefni um skólanámskrágerð, þróun foreldrasamtala, ferilmöppur fyrir öll börn, Orðaspjall, Söguaðferðina og Grænánaverkefni.

Leikskólastjóri telur að ágætlega gangi að festa þessi þróunarverkefni í sessi og starfsmenn séu ánægðir með þessa áherslupætti þó eitthvað hafi borið á því að starfsmönnum finnist of mikið vera tekið fyrir í einu.⁶³ Í viðtölum við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna kom fram að of mikið af nýjum verkefnum eru tekin inn í starfið án þess að önnur séu tekin út. Betra væri að festa ákveðna þætti í sessi og gera þá að hluta af starfinu áður en byrjað væri á nýjum verkefnum. Of mörg verkefni sem kalla á mikla vinnu utan deilda komi niður á dagskránni með börnunum.⁶⁴ Í vettvangsathugun sáu matsmenn að unnið er með mörg verkefni í einu í leikskólanum og út frá ummælum starfsfólks mætti ætla að þau væru of mörg. Því væri æskilegt að taka upp umræðu með öllu starfsfólki leikskólans um hvernig mætti samþætta verkefnin betur og fella þau inn í daglegt starf leikskólans.

Styrkleikar

- Í öllum samskipum mátti greina virðingu fyrir börnunum, viðleitni til að koma til móts við þarfir þeirra og vilja til að skapa þeim fjölbreytt tækifæri til náms.
- Leikskólinn er vel búinn leikföngum og öðrum efnivið.
- Unnið er með lýðræði í samskiptum við börnin.
- Unnið er með læsi og stærðfræði.
- Í leikskólanum eru unnin mörg þróunarverkefni til að bæta starfsaðferðir leikskólans.
- Börnin hafa möguleika á að velja mismunandi verkefni í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Skoða mætti dagskipulagið út frá skiptingu milli frjálsa leiksins og skipulagðra verkefna.
- Æskilegt væri að huga að samþættingu verkefna þar sem áherslur skarast.
- Hugsa að tækifærum sem búið geta í aukinni samvinnu skólastiga í sameinuðum skóla.

⁶² Gögn frá leikskólastjóra – símenntunaráætlun.

⁶³ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁴ Viðtöl við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

Skólabragur og samskipti

Leikskólinn hefur sett sér starfsmannastefnu þar sem sett eru fram fjögur markmið:

- Að auka starfsánægju og vellíðan.
- Að tryggja sameiginlegan skilning á góðum samskiptum.
- Að efla hæfni starfsfólks til að ræða mál.
- Að auka gæði skólastarfsins.

Í starfsmannastefnunni eru sjö leiðarljós sem snúa að virðingu, viðmóti, stundvísi, heiðarleika, samvinnu, fagmennsku og stjórnun leikskólans.⁶⁵ Í skipuriti Hrafnagilsskóla kemur ekki fram hlutverk og ábyrgð leikskólastjóra.⁶⁶ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að í leikskólanum sé kraftmikill, jákvæður og metnaðarfullur starfsmannahópur sem er tilbúinn að takast á við nýjar áskoranir og skemmtilegt sé að vinna með hópnum að því að þróa fjölbreytta kennsluhætti og viðfangsefni.⁶⁷ Í viðtali við deildarstjóra og í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir eru almennt ánægðir með þau verkefni sem verið er að vinna í leikskólanum og telja sig geta notið hæfileika sinna og þekkingar í starfinu.⁶⁸

Starfsandi

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er starfsandinn í leikskólanum á margan hátt góður og þakkar hann það vinnu sem fram hefur farið í leikskólanum til að bæta samskiptin. Í starfsmannakönnun kom fram að bæta mætti starfsandann og upplýsingagjöf innan leikskólans. Mál sem upp koma eru tekin fyrir á daglegum morgunfundum deildarstjóra og starfsmannastefnan er höfð til hliðsjónar í starfsmannasamtölum. Leikskólastjórinn telur samt að einhver togstreita sé í starfsmannahópnum sem ekki hefur tekist að eyða, ekki ríki allstaðar traust en starfsgleði sé til staðar í hópnum og skólabragurinn hafi farið batnandi. Leikskólastjóri sagðist vinna að því að bæta starfsandann með því að mæta jákvæður og bjartsýnn á hverjum morgni og reyna að vera góð fyrirmynd, en bæta þurfi samstarfið innan stjórnunarteymisins. Ýmislegt er gert í leikskólanum til að bæta starfsandann, skemmtinefnd starfar í leikskólanum og haldnar eru vinavikur og hrósvikur. Mikilvægast er, að sögn leikskólastjóra, að grípa strax inn í ef eitthvað kemur upp á í starfsmannahópnum.⁶⁹ Í samtali við deildarstjóra kom fram að almennt sé gleði og góð samvinna í leikskólanum en á álagstímum komi upp spennu og stundum hafi leikskólastjórinn meiri metnað en starfsmenn eru tilbúnir að takast á við. Deildarstjórar nefndu að samvinna mætti vera meiri milli deilda, „stundum er þetta eins og þrír leikskólar“, en unnið er í að bæta það með flæði milli deildanna og söngsal á föstudögum og margskonar námskeiðum fyrir starfsfólk í tengslum við vinnuna með Virk.⁷⁰ Í rýnihópi starfsfólks kom fram að leikskólastjóri leggi sig fram við að halda góðum starfsanda í leikskólanum og almennt sé góð samstaða um að skiptast á starfsmönnum milli deilda þegar með þarf. Þó sé nokkur munur á sveigjanleika milli deilda. Starfsmenn sögðu að sér þætti gaman að vinna í leikskólanum og starfsandinn væri almennt góður, hlustað er á hugmyndir fólks og þörfum þess mætt vel. Starfsmenn bentu þó á að upplýsingaflæði til starfsmanna frá yfirmönnum mætti bæta, of mikið sé af verkefnum og fyrir komi að einstaka starfsmenn dragi niður mórallinn.⁷¹ Í rýnihópi foreldra kom fram að þeir telja starfsandann í leikskólanum mjög góðan og miklar breytingar hafi orðið á honum eftir að núverandi leikskólastjóri byrjaði. Foreldrum finnst vera gleði í starfsmannahópnum og að starfsmenn séu oft að gera eitthvað skemmtilegt.⁷²

⁶⁵ Gögn frá leikskólastjóra – starfsmannastefna.

⁶⁶ Sögn frá leikskólastjóra – skipurit Hrafnagilsskóla.

⁶⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

⁶⁸ Viðtöl við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁶⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁰ Viðtal við deildarstjóra.

⁷¹ Rýnihópur starfsmanna.

⁷² Rýnihópur foreldra.

Jafnrétti

Í jafnréttisáætlun leikskólans segir að hún sé gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Áætlunin á við starfsfólk, nemendur leikskólans og foreldra þeirra. Einnig tekur áætlunin mið af jafnræðisreglu stjórnáætlunarlaga nr. 11/1993 og jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar.

Markmið jafnréttisáætlunar leikskólans er:

- Að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Krummakoti.
- Að bæði konur og karlar nýti sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar í atvinnulífinu, innan fjölskyldunnar og til menntunar.
- Að allir, starfsmenn, nemendur og foreldrar þeirra, njóti jafns réttar án tillits til kyns á sem viðtækustum grunni.
- Að framkoma við nemendur, starfsfólk og foreldra einkennist af virðingu.
- Að kynjasambætting sé höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólans.
- Staðblær sé hvetjandi og stuðli að faglegu og góðu starfsumhverfi.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun skólans og skipar jafnréttisteymi sem ber ábyrgð á framkvæmdaáætlun og hvenær einstakir þættir hennar eru unnir. Í jafnréttisteymi eru þrjú fulltrúar, stjórnandi og tveir fulltrúar kennara/starfsfólks. Hlutverk teymisins er:

- að fylgjast með að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun leikskólans.
- að endurskoða framkvæmdaáætlun árlega.
- að taka saman gögn sem unnin eru skv. áætluninni s.s. tölulegar upplýsingar og gera umbætur í kjölfarið sé þess þörf.⁷³

Í viðtölum við deildarstjóra og starfsmenn kom fram að lögð er áhersla á að vinna með jafnrétti í barnahópnum og hlusta á tillögur allra. Þó kom fram í hópi deildarstjóra að e.t.v. örli á stéttaskiptingu milli fagmenntaðra og annarra starfsmanna.⁷⁴ Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að allir starfsmenn taka þátt í starfsmannafundum og starfsdögum leikskólans.⁷⁵

Styrkleikar

- Leikskólinn er með jafnréttisáætlun.
- Leikskólinn er með starfsmannastefnu.
- Markvisst er unnið að því að bæta starfsandann.
- Kennarar og starfsmenn telja sig geta notið hæfileika sinna og þekkingar í starfinu.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skoða upplýsingagjöf innan leikskólans.
- Leita ætti leiða til að auka traust innan starfsmannahópsins.

⁷³ Gögn frá leikskólastjóra – jafnréttisáætlun leikskólans.

⁷⁴ Viðtöl við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁷⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

Mat á námi og velferð barna

Notast er við TRAS (n. *tidlig registrering af språkuþviking*), sem er skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna, og HLJÓM 2 sem er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Verið er að innleiða notkun á ferilmöppum og eru upplýsingarnar notaðar í foreldrasamtölum. Foreldraviðtöl eru nýtt til að meta þroska og framfarir barnanna, farið er yfir þroska og framfarir barnanna með foreldrum og þeir upplýstir um hvað æskilegt er að gera til að örva þroska barnanna, bæði í leikskólanum og heima.⁷⁶ Almenn ánægja er með skipulag og innihald foreldraviðtala af hálfu foreldra.⁷⁷ Foreldrakönnun er gerð í gegnum Skólapúlsinn og þar kom fram að hluti foreldra telur að upplýsingar um líðan og þroska barna mættu vera meiri.⁷⁸

Styrkleikar

- Almennt eru foreldrar ánægðir með upplýsingar sem gefnar eru í foreldraviðtölum.
- Leikskólinn er að þróa vinnu með ferilmöppur.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að skoða fleiri leiðir til að meta nám og velferð barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Leikskólinn gerir foreldrakönnun árlega í samstarf við Skólapúlsinn. Í könnun fyrir 2014-2015, uppfærðri 14. apríl 2015, kemur fram að almenn ánægja er með starfshætti leikskólans og samskipti við starfsmenn hans. Í rýnihópi kom fram að foreldrar vilja fá betri upplýsingar um líðan og þroska barnanna. Einnig gera foreldrar athugasemdir við húsnæðið, upplýsingar til foreldra og litla aðkomu þeirra að samstarfi leikskóla og grunnskóla.⁷⁹ Í viðtali við leikskólastjóra og deildarstjóra kom fram að tillögur og athugasemdir sem fram koma í foreldrakönnunum og á foreldrafundum eru hafðar til hliðsjónar við endurskipulag leikskólastarfsins.⁸⁰ Leikskólinn er með móttökuáætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum og handbók fyrir foreldra.⁸¹

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að lögð er áhersla á að starfsmenn taki vel á móti börnunum og veiti foreldrum góðar upplýsingar en reglur um dagleg samskipti við foreldra eru hluti af starfsmannastefnu leikskólans. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og foreldrum er boðið að taka þátt í ýmsum viðburðum, s.s. uppskeruhátíð söguverkefna, foreldrakaffi, vorhátíð o.fl. Boðið er upp á tulkapjónustu fyrir þá foreldra sem ekki tala íslensku.⁸² Foreldrar eru ánægðir með upplýsingarnar sem þeir fá og nefna að þeir fái góðar upplýsingar í gegnum TRAS-skráningarkerfið. Foreldrar taka fram að alltaf sé auðvelt að fá viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra.⁸³

Í vettvangsathugun sáu matsmenn vinnu við undirbúning sýningar fyrir foreldra um söguverkefni þar sem þemað var tröll. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að reynt er að hafa gott daglegt upplýsingaflæði, setja alltaf upplýsingar á töflu í anddyri og leggja áherslu á að segja frá því sem gerist yfir daginn. Starfsmenn gerðu það sem þeir kalla tengslakönnun í þeim tilgangi að tryggja að þeir ættu í samskiptum við öll börn og foreldra. Starfsmenn sögðust vera í góðu samstarfi við foreldra af erlendum

⁷⁶ Viðtal við deildarstjóra.

⁷⁷ Rýnihópur foreldra.

⁷⁸ Gögn frá leikskólastjóra – niðurstöður foreldrakönnunar í Skólapúlsinum 2014-2015.

⁷⁹ Gögn frá leikskólastjóra – niðurstöður foreldrakönnunar í Skólapúlsinum 2014-2015.

⁸⁰ Viðtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra.

⁸¹ Gögn frá leikskólastjóra – móttökuáætlun og foreldrahandbók.

⁸² Viðtal við leikskólastjóra.

⁸³ Rýnihópur foreldra.

uppruna og reyna að gera sig skiljanleg við þá og tryggja að skilaboð berist örugglega til þeirra. Starfsmenn sögðu að foreldrar væru alltaf velkomnir í leikskólann og að þeir mættu vel í foreldrakaffi og á foreldrafundi.⁸⁴ Upplýsingum er komið til foreldra með tölvupóstum, fréttabréfum og á heimasíðu.⁸⁵ Að sögn foreldra í rýnihópi nota þeir heimasíðu leikskólans til að fylgjast með og hún er vel uppfærð og upplýsandi að þeirra mati. Einnig fá foreldrar vikulega fréttabréf í tölvupósti og fréttabréf með mánaðaráætlun um hver mánaðarmót ýmist frá deildarstjórum eða leikskólastjóra. Upplýsingar á heimasíðu eru allar á íslensku.⁸⁶

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og kosið er til þess að hausti á aðalfundi foreldrafélags. Foreldraráð fundar reglulega með leikskólastjóra. Upplýsingar um hlutverk foreldraráðs samkvæmt lögum og reglur foreldraráðs leikskólans er að finna í foreldrahandbók leikskólans.

Foreldrafélag starfar við leikskólann og starfsreglur fyrir það er að finna í foreldrahandbók. Markmið félagsins er að stuðla að velferð barnanna með því að styrkja samskipti foreldra og starfsfólks og leggja hagsmunum barnanna lið innan leikskólans. Í þessu felst m.a. samvinna foreldra og starfsfólks leikskólans varðandi fræðslufundi, leiksýningar, vettvangsferðir og aðrar upptakur.⁸⁷

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Til eru skrifleg markmið um samstarf leikskóladeildar og grunnskóladeildar Hrafnagilsskóla og á hverju hausti er gerð samstarfsáætlun. Leikskólastjóri, deildarstjóri elstu deildar leikskólans, umsjónarkennari 1. bekkjar grunnskólans og skólustjóri bera ábyrgð á samstarfi skólanna.

Í áætlun fyrir haustönn 2014 kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir að leikskólabörnin fái að kynnst starfi 1. bekkjar í grunnskólanum, hringekju, matsal og íþróttahúsi grunnskólans. Nemendur í 1., 6., og 7. bekk grunnskólans koma í leikskólann og elstu börnin í leikskólanum og 1. bekkingar grunnskóla eiga samverustund í sameiginlegu útinámssvæði skólanna, Aldísarlundi, á aðventu.⁸⁸ Leikskólastjóri, deildarstjórar og starfsmenn segja samstarf leikskóla og grunnskóla vel skipulagt og virkt og það er metið af börnum og kennurum á hverju ári.⁸⁹ Sameiginlegt söguaðferðarverkefni er árlega hjá elstu börnum leikskólans og nemendum 1. bekkjar grunnskólans.

Annað samstarf

Leikskólinn er ekki í formlegu samstarfi við aðrar stofnanir í sveitarfélaginu en er í óformlegu samstarfi við Jóláhúsið, gróðrarstöð og sveitabæ.

Styrkleikar

- Foreldrar eru almennt ánægðir með starfshætti leikskólans og samskipti við starfsmenn hans.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldrakannanir eru gerðar reglulega í gegnum Skólalapsinn.
- Formlegt skipulag er á samstarfi leik- og grunnskóla.

⁸⁴ Rýnihópur starfsmanna.

⁸⁵ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

⁸⁶ Rýnihópur foreldra.

⁸⁷ Gögn frá leikskólastjóra – Foreldrahandbók.

⁸⁸ Gögn frá leikskólastjóra – markmið fyrir samvinnu leik- og grunnskóla og áætlun fyrir samstarf haustið 2014.

⁸⁹ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa upplýsingar um leikskólastarfið á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.

Sérfræðiþjónusta og sérkennsla

Leikskólinn er með samning við fjölskyldudeild Akureyrarbæjar varðandi einstaklingsráðgjöf fyrir börn á leikskólaaldri. Foreldrar geta leitað til stjórnanda leikskólans eða beint til fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og fengið ráðgjöf fyrir börn sín vegna frávika og/eða ef áhyggjur eru varðandi þroska barna. Jafnframt er samningur við skóladeild Akureyrarbæjar um ráðgjöf frá leikskólafulltrúa og leikskólaráðgjafa varðandi faglegt eftirlit og starf leikskólans, sem og aðra ráðgjöf. Einnig er hægt að gera samning við starfsfólk skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri um faglega og rekstrarlega ráðgjöf.

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar sér um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584/2012. Á deildinni starfar fagfólk, svo sem félagsráðgjafar, sálfræðingar, þroskaþjálfari og sérkennarar. Sérhæfð þjónusta við fatlaða felst í ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra, m.a. í formi stuðningsviðtala, samhæfingar á þjónustu og fræðslu. Jafnframt fer fram greining, meðferð og þjálfun fatlaðra barna. Skóladeild Akureyrarbæjar er þjónustustofnun fyrir leikskóla og grunnskóla Akureyrar. Leikskólafulltrúi og leikskólaráðgjafi starfa við deildina og veita leikskólum ráðgjöf varðandi uppeldisstarf og starfsmannahald. Leikskólinn hefur ekki sett sér sérkennslustefnu en til er skriflegur ferill um framkvæmd sérkennslu. Ef grunur vaknar um frávík er safnað upplýsingum með ákveðnum matslistum⁹⁰ en alltaf í samvinnu við foreldra.⁹¹ Samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra fer stuðningur og sérkennsla í flestum tilfellum fram í barnahópnum. Sérkennslustjóri og deildarstjóra bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana. Sérkennslustjóri sér um skipulag stuðnings og kennslu fyrir börn sem eru með skilgreinda greiningu og mat á einstaklingsáætlunum er í höndum hans og stuðningsfulltrúa, auk sérfræðinga frá fjölskylduþjónustunni. Annar stuðningur er á ábyrgð deildarstjóra og sér hann um endurmat ásamt sérkennslustjóra.⁹² Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra og deildarstjórum er starfað í leikskólanum í samræmi við hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og hverju barni mætt þar sem það er statt.⁹³ Leikskólinn nýtur þjónustu talmeinafræðings sem veitir einstaklingsþjálfun og ráðgjöf til starfsmanna. Góð samvinna er við foreldra sérkennslubarna.⁹⁴ Foreldrar eru almennt ánægðir með sérkennslu leikskólans og telja að öll börn fái tækifæri til að vera með í leik og starfi, „Til dæmis söguaðferðin, foreldrum er boðið að koma á sýningu og þá sér maður að allir hafa eitthvað hlutverk við hæfi, allir hafa val og taka þátt.“⁹⁵

Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum er boðið er upp á túlkajónustu fyrir foreldra sem ekki tala íslensku og starfsmenn leggja mikið upp úr góðri móttöku fyrir börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og þau fá talþjálfun í leikskólanum. Ekki er unnið með móðurmál barnanna eða menningarlegan bakgrunn.⁹⁶

Styrkleikar

- Leikskólinn er með samning við fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, sem sér um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584/2012, varðandi einstaklingsráðgjöf fyrir börn á leikskólaaldri.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.

⁹⁰ Íslenski þroskalistinn, AAL listinn, Kuno Beller, Smábarnalistinn, Aseba listarnir, Orðaskil, HLJÓM 2.

⁹¹ Gögn frá leikskólastjóra – vinnuferli sérkennslu 2015.

⁹² Viðtal við sérkennslustjóra.

⁹³ Viðöl við leikskólastjóra og deildarstjóra.

⁹⁴ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹⁵ Rýnihópur foreldra.

⁹⁶ Viðtöl við leikskólastjóra, deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning.
- Góð samskipti eru milli leikskóla og foreldra sérkennslubarna.
- Öll börn eiga hlutdeild og taka þátt í leikskólastarfinu.

Tækifæri til umbóta

- Leikskólinn hefur ekki sett sér sérkennslustefnu
- Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði viðurkennda menntun á þessu sviði.
- Vinna mætti með menningu og móðurmál barna ef erlendu bergi.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði leikskólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra, eftir því sem við á, og birta upplýsingar um það opinberlega.⁹⁷ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.⁹⁸

Í leikskólanum Krummakoti er ekki gerð áætlun um innra mat á starfi leikskólans. Í námskrá leikskólans segir í kafla um mat að stefnt sé að því að gera a.m.k. eina viðhorfskönnun meðal foreldra á hverju skólaári og nýta niðurstöður til að meta líðan barna og ánægju og samstarf og samskipti við foreldra. Niðurstöður verði birtar á heimasíðu leikskólans. Í námskrá segir einnig að starfsmenn noti ECERS-kvarðann (e. Early Childhood Environment Rating Scale)⁹⁹ til að meta starfsemi leikskólans.¹⁰⁰ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra er gerð sameiginleg áætlun um innra mat að hausti og þessir þættir metnir í lok hverrar annar. Börnin eru spurð um hvernig þau upplifa ákveðna þætti í starfinu, s.s. hvar þeim líður vel í leikskólanum, um flæðið og orðaspjall. Matsteymi er ekki starfandi í leikskólanum en leikskólastjóri undirbýr mat og vinnur úr niðurstöðum í samráði við deildarstjóra. Leikskólinn er aðili að Skólapúlsinum og efni úr þeim könnunum eru nýttar í innra mati. Auk þessa eru gerðar kannanir meðal starfsfólks um samskipti þeirra við foreldra og börn og niðurstöður starfsmannasamtala eru þáttur í innra mati.¹⁰¹ Í viðtali við deildarstjóra kom fram að allir starfsmenn deildanna taka þátt í innra mati eftir hverja önn. Samkvæmt deildarstjórum er mismunandi eftir deildum hvernig unnið er með niðurstöður matsins. Deildarstjórar telja að ekki fari fram mat á kennslu og fagmennsku í starfi en starfsmenn fái hvatningu þegar eitthvað er vel gert. Deildarstjórar nefndu könnun sem starfsmenn taka þátt í gegnum Skólapúlsinn og starfsmannakannanir sem tengdust verkefninu Virk. Deildarstjórar eru ánægðir með þá nýjung að fá börnin að matinu með því að taka viðtöl við þau.¹⁰² Í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir koma ekki að gerð spurninga fyrir innra mat og eiga ekki aðild að skipulagi og framkvæmd innra mats.¹⁰³ Í viðtölum við deildarstjóra og í rýnihópi starfsmanna kom fram að þeir vildu fá betri umfjöllun um niðurstöður úr könnunum sem nýttar eru í innra mat.¹⁰⁴ Samkvæmt leikskólastjóra er ekki gerð formleg umbótaáætlun en á starfsmannafundum er tekin upp umræða um niðurstöður kannana og leitað leiða til að bæta starfið í samræmi við það. Niðurstöður úr umræðum koma fram í fundargerðum og eru kynntar á starfsmannafundum, í foreldraráði og sveitarstjórn og að vissu marki er börnum líka kynntar niðurstöður. Dæmi um úrbætur í kjölfar mats er móttaka barna og starfsmannasamtöl.¹⁰⁵

⁹⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

⁹⁸ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁹⁹ ECERS-kvarði.

¹⁰⁰ Skólanámskrá leikskólans.

¹⁰¹ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰² Viðtal við deildarstjóra.

¹⁰³ Rýnihópur starfsmanna.

¹⁰⁴ Viðtöl við deildarstjóra og rýnihóp starfsmanna.

¹⁰⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

Styrkleikar

- Leikskólinn safnar gögnum fyrir innra mat.
- Niðurstöður úr könnunum eru nýttar til að bæta starfið.
- Viðtöl eru höfð við börnin um aðstæður og líðan í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Gera ætti áætlun um innra mat til lengri og skemmri tíma.
- Skipa ætti matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Kynna ætti niðurstöður mats á heimasíðu.
- Gera ætti árlega umbótaáætlun og birta í starfsáætlun leikskólans.

Matsþættir

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- $A > 3,6 - 4$ = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.
- $B > 2,6 - 3,5$ = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verlag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- $C > 1,6 - 2,5$ = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verlag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
- $D > 1,0 - 1,5$ = rautt = Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verlag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun		Uppeldis- og menntastarf		Leikskólabragur		Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklags reglur	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Uppeldi, menntun og starfshættir	Viðmót og menning	Velferð og líðan barna	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og faglegur rekstur	Faglegt samstarf	Leikur og nám lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Námssvið leikskólans	Hlutverk leikskólakennara	Fagmennska starfsfólks	Viðhorf foreldra	Opinber birting og umbætur
Leikskóla-þróun og símenntun		Leikskóli án aðgreiningar	Mat á námi og velferð barna	Starfsánægja			Gagnasöfnun og vinnubrögð

Samantekt

Helstu styrkleikar leikskólans Krummakots:

- Starf leikskólans byggir á ákveðnum áherslupáttum.
- Húsnæði skólans er rúmgott og uppfyllir kröfur um rými.
- Útileiksvæði er gott og gefur möguleika á fjölbreyttum athöfnum.
- Unnið er að endurskoðun skólanámskrár með aðkomu starfsmanna og foreldra.
- Unnið er með námssvið leikskóla í samræmi við áherslur aðalnámskrár frá 2011.
- Dagskipulag leikskólans býður upp á blöndu af frjálsum leik og stýrðum verkefnum úti og inni.
- Í leikskólanum er starfandi stjórnunarteymi.
- Leikskólinn er með símenntunaráætlun.
- Leikskólinn er með eineltisáætlun.
- Viðhorfskannanir meðal starfsfólks eru gerðar árlega.
- Í öllum samskipum má greina virðingu fyrir börnum, viðleitni til að koma til móts við þarfir þeirra og vilja til að skapa þeim fjölbreytt tækifæri til náms.
- Leikskólinn er vel búinn leikföngum og öðrum efnivið.
- Unnið er með lýðræði í samskiptum við börnin.
- Unnið er með læsi og stærðfræði.
- Í leikskólanum eru unnin mörg þróunarverkefni til að bæta starfsaðferðir leikskólans.
- Börnin hafa möguleika á að velja mismunandi verkefni í leikskólanum.
- Leikskólinn er með jafnréttisáætlun.
- Leikskólinn er með starfsmannastefnu.
- Markvisst er unnið að því að bæta starfsandann.
- Kennarar og starfsmenn telja sig geta notið hæfileika sinna og þekkingar í starfinu.
- Almennt eru foreldrar ánægðir með upplýsingar sem gefnar eru í foreldraviðtölum.
- Leikskólinn er að þróa vinnu með ferilmöppur.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með starfshætti leikskólans og samskipti við starfsmenn hans.
- Foreldraráð er starfandi við leikskólann.
- Foreldrakannanir eru gerðar reglulega í gegnum Skólapulúsin.
- Formlegt skipulag er á samstarfi leik- og grunnskóla.
- Leikskólinn er með samning við fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, sem sér um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga nr. 584/2012, varðandi einstaklingsráðgjöf fyrir börn á leikskólaaldri.
- Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með skilgreindan stuðning.

- Góð samskipti eru milli leikskóla og foreldra sérkennslubarna.
- Öll börn eiga hlutdeild og taka þátt í leikskólastarfinu.
- Leikskólinn safnar gögnum fyrir innra mat.
- Niðurstöður úr könnunum eru nýttar til að bæta starfið.
- Viðtöl eru höfð við börnin um aðstæður og líðan í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða í starfsmannahópnum um hugmyndafræði leikskólans.
- Æskilegt væri að taka til umræðu áherslupætti leikskólans og fjölda þróunarverkefna.
- Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skóla- stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Huga þarf að betri hljóðvist í nokkrum rýmum skólans.
- Húsnæði skólans stenst ekki kröfur um aðgengi fyrir alla.
- Æskilegt er að hvetja börnin meira til sjálfshjálpar, t.d. við að klæða sig og við matarborð.
- Ljúka verður endurskoðun skólanámskrár.
- Leikskólinn þarf að gefa út árlega starfsáætlun samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.
- Æskilegt væri að gera móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.
- Æskilegt væri að gera áfallaáætlun fyrir leikskólann.
- Gera ætti skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda og skilgreina ábyrgð staðgengils leikskóla- stjóra og stjórnunarteymis á stjórnun.
- Skoða mætti dagskipulagið út frá skiptingu milli frjálsa leiksins og skipulagðra verkefna.
- Æskilegt væri að huga að samþættingu verkefna þar sem áherslur skarast.
- Skoða þarf og skilgreina betur verkaskiptingu stjórnenda við skólann og hlutverk skólastjóra Hrafnagilsskóla sem faglegs leiðtoga skólans alls.
- Gera ætti skriflegan feril fyrir verkaskiptingu og ábyrgð innan stjórnunarteymis.
- Æskilegt væri að skoða fleiri leiðir til að meta nám og velferð barna.
- Æskilegt er að hafa upplýsingar um leikskólastarfið á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku.
- Leikskólinn ætti að setja sér sérkennslustefnu.
- Æskilegt væri að sérkennslustjóri hefði viðurkennda menntun á þessu sviði.
- Vinna mætti með menningu og móðurmál barna ef erlendu bergi.
- Gera ætti áætlun um innra mat til lengri og skemmri tíma.
- Skipa ætti matsteymi í leikskólanum með þátttöku allra deilda og hagsmunaaðila.
- Kynna ætti niðurstöður mats á heimasíðu.
- Gera ætti árlega umbótaáætlun og birta í starfsáætlun leikskólans.
- Huga að tækifærum sem búið geta í aukinni samvinnu skólastiga í sameinuðum skóla.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum Krummakoti leiðir í ljós að starfsmenn leggja sig fram um að skapa börnunum góð uppeldis- og þroskaskilyrði. Í öllum samskipum mátti greina virðingu fyrir börnunum og viðleitni til að koma til móts við þarfir þeirra. Lögð er áhersla á að hver einstaklingur fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Foreldrar eru ánægðir með starfsemi leikskólans og samskipti við starfsmenn og stjórnendur. Leikskólinn er í góðu samstarfi við sérfræðiþjónustu Akureyrarbæjar. Skólanámskrá samræmist ekki aðalnámskrá frá 2011 en unnið er að endurskoðun hennar. Í leikskólanum eru unnin mörg þróunarverkefni til að bæta starfsaðferðir leikskólans en huga mætti að samþættingu verkefna þar sem áherslur skarast. Góð samvinna er milli leikskólans og grunnskólans. Almenn er góður starfsandi í leikskólanum en skýra þarf verkaskiptingu stjórnenda leikskólans og skilgreina hlutverk stjórnunarteymis. Auka ætti vinnu með kerfisbundið innra mat í leikskólanum.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Reykjavík: Menntamálaráðuneyti.

Byggingarreglugerð nr. 112/2012. Vefslóð. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/112-2012>. Sótt á vef 27. apríl 2015.

ECERS (Early Childhood Environment Rating Scale <http://ers.fpg.unc.edu/>) Þýðendur Sesselja Hauksdóttir og Gerður Guðmundsdóttir.

Gögn frá leikskólastjóra - skipurit Hrafnagilsskóla.

Gögn frá leikskólastjóra – símenntunaráætlun.

Gögn frá leikskólastjóra – starfsmannastefna.

Gögn frá leikskólastjóra – jafnréttisáætlun leikskólans.

Gögn frá leikskólastjóra - foreldrahandbók leikskólans.

Heimasíða Eyjafjarðarsveitar. Vefslóð. <http://www.esveit.is>. Sótt á vef 29. apríl 2015.

Heimasíða leikskólans. Vefslóð. www.leikskoli.krummi.is/krummakot/leikskoli. Sótt á vef 20. apríl 2015.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. (2000). *Markviss málörvun í leik og starfi.* Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Lífsleikni. Vefslóð. <http://www.unak.is/static/files/Skolathrounarsvid/Lifsleikni%20-%20skyrslan.pdf>. Sótt á vef 22. apríl 2015.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Orðaspjall. Vefslóð. <http://lesvefurinn.hi.is/node/240>. Sótt á vef 6. maí 2015.

Positive Discipline. Vefslóð. <http://www.positivediscipline.com>. Sótt á vef 22. apríl 2015.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólun nr. 584/2010.

Rýnihópur barna.

Rýnihópur foreldra.

Rýnihópur starfsmanna.

Skólanámskrá leikskólans.

Starfsáætlun leikskólans.

Söguaðferðin. Vefslóð. <http://frontpage.simnet.is/storyline/index.htm>. Sótt á vef 22. apríl 2015.

Viðtal við deildarstjóra.

Viðtal við formenn skólanefndar.

Viðtal við grunnskólastjóra.

